

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. marz 1965.

1. gr.

Í stað orðanna „2 kr.“ í 1. mgr. 101. gr. samþykktarinnar komi „kr. 3.25“ og í stað orðanna „200 krónur“ í 2.—5. mgr. sömu greinar komi „kr. 325.00“.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

2. maí 1969.

Nr. 117.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar
nr. 6 20. janúar 1964.

1. gr.

Í stað orðanna í 8. gr.: „Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 1.2% — einum og tveimur tíundu af hundraði — af fasteignamati húsanna“ komi: „Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2.25% — tveimur og einum fjórða af hundraði — af fasteignamati húsanna“.

2. gr.

Vatnsskattur, reiknaður af útflutningsverðmætum samkv. 9. gr. hækki um 100%.

3. gr.

Vatnsskattur við starfsrækslu miðað við sölu um mæli samkvæmt 10. gr., hækki úr kr. 1.00 á smálest í kr. 2.00 á smálest.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.